

## Hvað er taugasálfræðileg skoðun?

Taugasálfræðileg skoðun á geðdeild er framkvæmd af sálfræðingi sem er sérmenntaður í þeim áhrifum sem sjúkdómar og heilaskaði geta haft á minni, athygli og aðra hugarstarfsemi.

Taugasálfræðileg skoðun getur verið gagnlegt þegar breyting verður á hugrænni getu einstaklingsins. Sem dæmi um breytingu gæti verið versnandi minni eða auknir erfiðleikar við einbeitingu.

## Hvernig fer skoðunin fram?

Í skoðuninni svarar einstaklingur nokkrum spurningum um sjálfan sig ásamt því að leysa ýmis konar verkefni sem reyna á minni, athygli og aðra þætti hugsunar.

Verkefnin eru fjölbreytt og mörgum finnst gaman að leysa þau.

Sumir eru hræddir um að eiga erfitt með að leysa verkefnin, en einungis eru lögð fyrir verkefni sem flestir geta leyst að mestu leiti.

Skoðunin tekur oftast um 1-2 klst. Í senn og eru gerð hlé á skoðun eins og þörf er á.

## Hvað gerist að skoðun lokinni?

Fundur verður haldinn með skjólstæðingi og þeim lækni/sálfræðingi sem óskaði eftir skoðuninni þar sem farið verður yfir niðurstöður. Náinn ættingi/vinur er velkominn á þann fund.

## Þarf að undirbúa sig fyrir taugasálfræðilega skoðun?

Ekki er þörf á undirbúningi fyrir taugasálfræðilega skoðun en mikilvægt er að taka með sér lesgleraugu eða heyrnartæki ef þörf er á.

